



Til skipulagsráðs,

Kópavogi, 28. febrúar 2024
23092837/501.00 GEF

Efni: Svar við fyrirspurnum Hákonar Gunnarssonar vegna B1-1 og B4. Skipulag/Húsnæðisáætlun.

Undirritaðri hefur verið falið að svara framlögðum fyrirspurnum Hákonar Gunnarssonar er varðar stöðu mála hvað varðar skipulag og uppbyggingu á reitum B1-1 (Fannborgarreitur) og B4 (Traðarreitur-vestur) í miðbæ Kópavogs. Voru fyrirspurnirnar lagðar fram á fundum skipulagsráðs 2. október 2023 og 19. febrúar 2024. Var fallist á að sameina greindar fyrirspurnir. Eftirfarandi eru svör við framlögðum spurningum:

1. **Hver er staða mála varðandi aðal- og deiliskipulag á Fannborgarreitt (B1-1) og Traðarreit vestur (B4)?** Með úrskurði, dags. 30. júní 2022, hafnaði úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála kröfu kæranda um að fella úr gildi deiliskipulag miðbæjar Kópavogs, reiti B1-1 B1-3, B2 og B4. Var deiliskipulagið því staðfest og er gert ráð fyrir uppbyggingu í samræmi við gildandi deiliskipulag.
2. **Hvenær mun niðurrif Fannborgar 2,4 og 6 hefjast?** Samkvæmt samkomulagi um uppbyggingu á Fannborgarreit B1-1, dagsett í október 2021, var gert ráð fyrir að niðurrif myndi hefjast á þriðja ársfjórðungi 2022 og vera lokið um miðjan fjórða ársfjórðung 2022. Ljóst er að framlögð framkvæmdaráætlunin er úrelt og hefur ítrekað verið óskað eftir að framkvæmdaraðili uppfæri hana. Framkvæmdaraðili hefur enn ekki orðið við þeirri beiðni. Liggur því ekki fyrir hvenær húsin verða rifin. Enn sem komið er hefur framkvæmdaraðili ekki sótt um byggingarleyfi fyrir niðurrifi húsanna.
3. **Er komið byggingarleyfi fyrir þessum 550 íbúðum sem bæjarstjórn hefur samþykki í húsnæðistáætlun?** Ekki hefur verið sótt um byggingarleyfi fyrir greindum íbúðum.
4. **Hverjar eru tímaáætlanir varðandi framkvæmdir á þessum reitum? Hér er átt við bæði hvenær framkvæmdir hefjast og hvenær þeim skuli vera lokið?** Samkvæmt samkomulagi um uppbyggingu á Fannborgarreit B1-1 er tekið fram að það hafi verið stefnt að því að framkvæmdir myndu hefjast á seinni hluta árs 2022 og að þeim yrði lokið í lok árs 2025. Er ljóst að sú tímaáætlun mun ekki standast og eins og áður greinir hefur verið kallað eftir því að framkvæmdaraðili sendi uppfærða framkvæmdaráætlun. Fyrirsvarsmaður framkvæmdaraðila hefur þó upplýst á fundum með starfsmönnum umhverfissviðs að hönnunarvinna sé hafin og gert sé ráð fyrir að byggingaráform verði lögð fyrir skipulagsráð haustið 2024.

Samkvæmt samkomulagi um uppbyggingu á Traðarreiti – vestur var gert ráð fyrir að framkvæmdir myndu hefjast í lok árs 2022 og að þeim yrði lokið fyrir lok árs 2026. Framkvæmdaraðili hefur upplýst um að hönnunarvinna sé hafin og vinna við uppfærða



framkvæmdaráætlun sé yfirstandandi. Framkvæmdaraðili Traðarreits-vesturs sér einnig um uppbyggingu á Traðarreiti-eystri sem er í fullum gangi.

5. **Með hvaða hætti hyggst Kópavogsbær upplýsa íbúa á svæðinu um fyrirhugaðar framkvæmdir?** Samkvæmt uppbyggingarsamkomulagi er lögð áhersla á gott samstarf og upplýsingaflæði á framkvæmdartíma til íbúa. Í samkomulaginu er gert ráð fyrir að framkvæmdaraðili tilnefni tengilið íbúa á framkvæmdartíma. Kópavogsbær hefur ekki upplýsingar um hvort að framkvæmdaraðilar hafi tilnefnt tengilið eða hvort að sá aðili verði sameiginlegur fyrir bæði verkefnin, þ.e. uppbyggingu á Fannborgarreit og Traðarreit-vestur, eða hvort að framkvæmdaraðilar ætli sér að tilnefna sitt hvorn aðilann. Verður kallað eftir upplýsingum frá framkvæmdaraðilum hvað þetta varðar.

Framkvæmdir eru ekki hafnar en Kópavogsbær mun leggja áherslu á að greindu ákvæði verði framfylgt á framkvæmdartíma. Þá mun Kópavogsbær hafa milligöngu um kynningarfundir fyrir íbúa eftir því sem talin er þörf á.

Virðingarfyllst,

Guðrún Edda Finnbogadóttir

Skrifstofustjóri umhverfisviðs

